



Skýrsla Fjármálaskrifstofu

Við framlagningu árshlutareiknings
Reykjavíkurborgar janúar – september 2018

Lagt fram í borgarráði
29. nóvember 2018

Borgarráð

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar janúar – september 2018 samanstendur af samstæðuuppgjöri, A- og B-hluta, og uppgjöri A-hluta sem samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði. Rekstur innan A-hluta er að hluta eða öllu leyti fjármagnaður með skatttekjum. Leiga fasteigna, gatna, áhalda, tækja og búnaðar er reiknuð í samræmi við reglur og leiðbeiningar um reikningsskil sveitarfélaga, þar sem eignir eru eignfærðar hjá Eignasjóði og leigðar til Aðalsjóðs. Til B-hluta teljast eftirtalin fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að minnsta kosti í helmingseigu borgarinnar: Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþrótt- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs, auk Aflvaka hf. Enginn rekstur er hjá Aflvaka hf. Rekstur Slökkviliðs og Strætó er að mestu fjármagnaður með framlögum eignaraðila og eru framlögin gjaldfærð hjá Aðalsjóði. Hluti af tekjum Íþrótt- og sýningahallarinnar og Sorpu koma frá Aðalsjóði. Að öðru leyti eru fyrirtæki B-hluta rekin á grundvelli almennra þjónustutekna.

Þetta uppgjör er unnið í nýju samstæðu uppgjörs- og áætlunarkerfi (FPM Unit4).

Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A- og B-hluta, var jákvæð um 15.243 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir að rekstur samstæðunnar yrði jákvæður um 15.938 m.kr. sem var 695 m.kr. eða 4,3% undir áætlun. Afkoma samstæðunnar var jákvæð um 20.646 m.kr. á sama tíma árið 2017.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 8.166 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 4.728 m.kr. Niðurstaðan var því 3.438 m.kr. betri en gert var ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 8.029 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 4.711 m.kr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 3.318 m.kr. eða 70% betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var jákvæð um 1.477 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 31 m.kr. og var niðurstaðan því um 1.446 m.kr. betri en áætlað var.

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 6.269 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 4.277 m.kr. og niðurstaðan því 1.992 m.kr. betri en áætlað var.


Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu árshlutareiknings Reykjavíkurborgar janúar - september 2018 er unnin með svipuðum hætti og fyrri skýrslur með ársreikningum og árshlutareikningum með áherslu á myndræna framsetningu. Tilgangurinn með skýrslunni er að gefa borgarráði glögga mynd af meginniðurstöðum uppgjörsins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks borgarfulltrúa. Með skýrslunni fylgja greinargerðir um Aðalsjóð, fagsvið og Eignasjóð og um B-hluta fyrirtæki.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

1.	Samstæða (Samantekinn reikningur)	5
1.1.	Rekstur samstæðu	5
1.2.	Efnahagur samstæðu	8
1.3.	Sjóðstreymi samstæðu	10
2.	A-hluti	14
2.1.	Rekstur A-hluta	14
2.2.	Efnahagur A-hluta	17
2.3.	Sjóðstreymi A-hluta	19
2.4.	Fjármagnsliður A-hluta	22
2.4.1.	Skulda- og áhættustýring	26
2.4.2.	Aðgerðir fjármálaskrifstofu til að bæta fjárstýringu A-hluta	26
	Viðauki 1: Skilgreiningar á hugtökum og kennitölur	27
	Viðauki 2: Lánveitendur A-hluta og samstæðu	31
	Viðauki 3: Jöfnunarsjóður, sundurliðun á greiðslum	32
	Viðauki 4: Fjármálastjórn janúar - september 2018	33



1. Samstæða (Samantekinn reikningur)

1.1. Rekstur samstæðu




Rekstrarniðurstaða samstæðu var 15,2 ma.kr. sem var 0,7 ma.kr. lakari niðurstaða en áætlað var. Rekstrarniðurstaðan án gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar og án gjaldfærslu vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð nam 19,4 ma.kr. en gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindingar við LsRb og vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð nam 4,2 ma.kr. Nánar er lýst áhrifum innleiðingar á breyttum tryggingarfræðilegum forsendum hjá LsRb árið 2015 í kafla 2.1. um A-hlutann.

Grunnrekstur samstæðunnar, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir, skilaði 36,6 ma.kr. í afgang sem var um 4,3 mkr umfram áætlun.



Rekstrartekjur námu 136 ma.kr. og hafa aukist um 39% frá sama tímabili árið 2014. Til samanburðar námu rekstrarútgjöld 111 ma.kr. og hafa aukist um 31% frá sama tímabili árið 2014.

Rekstrarniðurstaða samstæðu janúar - september 2018 og frávik frá áætlun með viðaukum (m.kr.)




Rekstrarkostnaður og afskriftir voru 1,9 ma.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir en á móti kom að aðrar tekjur voru tæpum 1,1 ma.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Sala byggingaréttar var 3,1 ma.kr. meiri á tímabilinu.

Gjaldfærsla lífeyrisskuldabindingar við LsRb þróaðist í takt við áætlun. Gjaldfærslan tekur mið af væntingum um að hún nemi um 5 mkr í árslok en endurskoðað mat á gjaldfærslunni gaf ekki tilefni til að breyta áætlun ársins. Helstu óvissuþættir sem snúa að gjaldfærslu LsRb er launa- og verðbólguþróun ásamt ávöxtun eigna sjóðsins.


Fjármagnsgjöld voru 3,5 ma.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir en þar vegur þungt 4 mkr gjaldfærsla gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum (álafleiðan). Fasteignaverð á tímabilinu hækkaði minna en gert var ráð fyrir sem leiddi til að matsbreyting eigna Félagsbústaða var tæpum 2,2 ma.kr. undir áætlun.

Tekjuskattur samstæðunnar var 1,1 ma.kr. lægri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun og hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga nam um 0,6 ma.kr. en ekki er áætlað fyrir þeirri hlutdeild í fjárhagsáætlun.


Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samstæðu janúar - september 2018 (m.kr.)



Fjármagnsliðurinn var neikvæður um 11 ma.kr., þar af námu vaxtagjöld og verðbætur 12 ma.kr. Álverð lækkaði um 9% á tímabilinu sem leiddi til 4,1 ma.kr. lækkunar á innbyggðri álafleiðu í raforkusölusamningum. Krónan styrktist hins vegar um 4,4% á tímabilinu og gengishagnaður vegna hennar nam 0,5 ma.kr. Í áætlun var gert ráð fyrir að fjármagnsliðir yrðu neikvæðir um 7,5 ma.kr.




Matsbreyting fjárfestingareigna, sem er verðbreyting á þeim fasteignum Félagsbústaða sem ætlaðar eru til útleigu, er liður sem fylgir fasteignamati og getur sveiflast mikið eins og meðfylgjandi mynd sýnir.




Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum (álafleiðan) og gengismunur hjá OR hafa jafnan mikil áhrif á fjármagnslið samstæðunnar eins og myndin hér að ofan sýnir.

1.2. Efnahagur samstæðu

Efnahagur samstæðu (m.kr.)	30.9.2018	31.12.2017	Breyting	%
Fasteignir og lóðir	136.504	128.456	8.048	6,3%
Veitukerfi	278.790	269.194	9.596	3,6%
Fjárfestinga eignir	81.176	77.265	3.911	5,1%
Götur	14.861	14.030	831	5,9%
Aðrir fastafjármunir	17.299	16.540	760	4,6%
Langtímakröfur	17.069	14.694	2.375	16,2%
Fyrirframgreiddur kostnaður Lsj. Brú	11.123	10.659	464	4,4%
Veltufjármunir án handb.fjár	33.956	33.995	-39	-0,1%
Handbært fé	29.131	17.903	11.229	62,7%
Eignir samtals	619.908	582.734	37.175	6,4%
Eigið fé	304.409	285.428	18.981	6,6%
Lífeyrisskuldbinding (langtíma)	36.281	34.217	2.064	6,0%
Næsta árs afborganir lífeyrisskulda	2.220	2.220	0	0,0%
Aðrar skuldbindingar	11.386	11.576	-190	-1,6%
Langtímalán	202.430	192.358	10.072	5,2%
Leiguskuldir	10.789	11.166	-377	-3,4%
Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda	17.196	16.776	420	2,5%
Aðrar langtímaskuldir	1.997	737	1.260	171,0%
Fyrirfram innborganir	3.865	1.220	2.645	216,8%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb. og fyrirfram innb.	29.335	27.036	2.300	8,5%
Skuldir og skuldbindingar samtals	315.500	297.306	18.194	6,1%
Skuldir og eigið fé samtals	619.908	582.734	37.175	6,4%






Hreinar skuldir eru skilgreindar sem allar skuldir og skuldbindingar að frádregnum langtímakröfum á eigin fyrirtæki, fyrirframgreiddum kostnaði (langtíma), öðrum langtímakröfum og veltufjármunum.

Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfaeign og bundnum bankainnstæðum ásamt handbæru fé. Hreinar vaxtaberandi skuldir eru að aukast á árinu 2017 einkum vegna 14,6 ma.kr. uppgjors við Brú lífeyrissjóð sem var skylt að greiða upp skv. lögum nr. 1/1997.


Langtímakröfur vegna uppgjorsins við Brú nema nú 11,1 ma.kr. og hækka um tæpa 0,5 ma.kr. frá áramótum einkum þar sem Strætó greiddi upp sinn hluta við Brú á tímabilinu. Þessar langtímakröfur vegna uppgjorsins við Brú koma ekki til lækkunar vaxtaberandi skulda þar sem þessar kröfur bera ekki vexti enda er um að ræða fyrirframgreiðslur sem koma síðar til gjaldfærslu. Ennfremur er um að ræða kröfur vegna sölu á byggingarrétti að fjárhæð 6,6 ma.kr. sem ekki bera vexti.

Athygli er vakin á að við útreikning þessa hlutfalls er nauðsynlegt að skala tekjur upp m.v. heilt ár en ekki er víst að tekjur á síðustu mánuði ársins muni falla til í sama mæli og þær gerðu á fyrstu níu mánuðum ársins en það hefur áhrif á hlutfallið hreinar vaxtaberandi skuldir í hlutfalli af tekjum sem námu 105,9% á fyrstu níu mánuðum ársins 2018.


1.3. Sjóðstreymi samstæðu



Handbært fé frá áramótum til loka september hækkaði um 11,2 ma.kr. Fjárfestingar að frádregnum greiddum gatnagerðargjöldum námu 20,6 ma.kr. og var mætt með veltufé frá rekstri sem nam 29,8 ma.kr. Lántaka tímabilsins nam 15,8 ma.kr. og afborganir lána námu 11,6 ma.kr.



Veltufé frá rekstri gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til að vaxtar og viðhalds eigna. Miklar greiðsluskuldbindingar og fjárfestingarþörf samstæðunnar kalla á hátt hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum.



Greiðslugeta samstæðunnar til að standa undir afborgunum lána og framlagi vegna lífeyrisskuldbindinga er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri. Myndin sýnir að samstæðan hefur á þessu ári aukið fjárhagslegan styrk sinn til að standa undir þessum skuldbindingum.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu samstæðu Reykjavíkurborgar janúar – september árin 2014-2018¹.

Samstæða	2014_09	2015_09	2016_09	2017_09	2018_09
Eiginfjárhlutfall	41,8%	42,0%	44,7%	46,3%	49,1%
Arðsemi eigin fjár	7,7%	-1,5%	10,4%	11,2%	7,1%
Veltufjárhlutfall	1,14	0,96	1,13	1,15	1,20
Langtímaskuldir/eigið fé	111,8%	104,7%	87,6%	76,5%	70,7%
Uppgreiðslutími	10	8	7	5	6
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	20,0%	21,2%	22,2%	24,3%	22,0%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjum	24,1%	16,4%	23,6%	23,6%	27,0%

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstrarafgangur samstæðu nam 15,2 ma.kr. Nokkrir liðir sem hafa töluverð áhrif á rekstrarniðurstöðuna eru um margt sérstakir. Þar má nefna að söluhagnaður eigna og tekjur af sölu byggingaréttar, sem falla til í eitt skipti, námu 5,2 ma.kr., tekjur vegna matsbreytingar fjárfestingaeigna Félagsbústaða námu 2 ma.kr. er reiknaður liður sem innleysist aðeins við sölu eigna félagsins, gjaldfærsla vegna vegna breytinga á álverði í raforkusölusamningum hjá OR (álafleiðan) sem einnig er reiknaður liður nam 4,1 ma.kr. Ef horft er á rekstrarniðurstöðu samstæðu að frá dregnum þessum liðum var hún jákvæð um 12,1 ma.kr.
- Rekstrarafgangur A-hluta nam 8,2 ma.kr. Þessi niðurstaða var studd af tekjum af sölu byggingarréttar og söluhagnaði eigna sem námu 4,9 ma.kr. Tekjur af sölu byggingaréttar A-hluta voru 3,1 mkr yfir áætlun. Óvíst er hvort þessar tekjur muni falla til í sama mæli á síðustu mánuðum ársins. Hagnaður A-hluta af sölu fastafjármuna var 46 mkr og var 577 mkr undir áætlun, ljóst er nú að þessi liður verður undir áætlun í árslok.
- Merki eru orðin sýnilegri um að farið er að hægja á hagvexti sem birtist í þróun fasteignaverðs á tímabilinu og í minni hækkun matsbreytingar fjárfjórðingaeigna Félagsbústaða sem námu 2 ma.kr. en áætlaðar voru 4,2 ma.kr.
- Gjaldfærsla vegna álafleiðu OR nam um 4,1 mkr. Þetta er mjög sveiflukenndur liður sem hefur mikil áhrif á fjármagnslið samstæðunnar.









¹ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum ársreikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í ársreikningi sé breytt.

- Ríkissjóður hefur innborgað fyrirfram til A-hluta tæpa 1,9 ma.kr. vegna fjárfestinga þriðja aðila þ.e. Hrafnistu vegna uppbyggingar á hjúkrunarheimili á Sléttuvegi. Ekki liggur fyrir nákvæm tímaáætlun um hvenær þessi fjármunir koma til útgreiðslu en það fer eftir framvindu verkefnisins.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:


- Mikilvægt er rekstur A-hluta skili verulegu veltufé frá rekstri til að standa undir fjármögnun A-hluta borgarsjóðs og að ríflegur afgangur verði af rekstri A-hluta. Hlutfall veltufjár frá rekstri á móti tekjum 12,4%.
- Á tímabilinu voru 23 borgarrekknir grunnskólar með samtals 368 m.kr. í halla, þar af voru 8 skólar með 263 m.kr. halla eða frá 3,5%-8,2% sbr. taflan yfir borgarrekna grunnskóla. Allir þessir skólar hafa verið með talsverðan hallarekstur í 3ja og 6 mánaða uppgjöri. Lagt er til að fjármálaskrifstofu verði falið að koma með greiningu og aðgerðaráætlun um umbætur í rekstri á grundvelli ráðgjafar ytri ráðgjafa sem falið verði að rýna reksturinn í þessum skólum og koma með tillögum til úrbóta í rekstri sbr. ákvæði 3.4. í reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.
- Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs án bundinna liða var 378 m.kr. yfir fjárheimildum eða 2,4%. Þar af voru 144 m.kr. útgjöld vegna öryggisvistunar sem að stórum hluta verða greidd af ríkinu á árinu. Eftir stendur um 234 m.kr. halli einkum vegna vistgreiðslna Barnaverndar sem var 153 m.kr. yfir fjárheimildum, vegna stuðningsþjónustu sem var 146 m.kr. yfir fjárheimildum, og vistunarþjónustu barna með þroska- og geðraskanir sem var 131 m.kr. yfir fjárheimildum. Mikilvægt er að knýja á um eðlilega þátttöku ríkis og Jöfnunarsjóðs í þessum verkefnum til að ná tökum á rekstri þessara úrræða.
- Mikilvægt er að klára samninga við ríkið um þau atriði sem tengjast málefnum fatlaðs fólks en voru skilin eftir við endurskoðun á fjármögnun málaflokksins á síðasta ári það er lengd viðvera og þjónusta við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Sama gildir um samninginn um rekstur sérskóla ríkisins og þjónustu við börn með sérþarfir.
- Mikilvægt er að tryggja tekjugrunn Félagsbústaða sem er forsenda þess að félagið geti staðið við greiðsluskuldbindingar sínar og fjármagnað sig á markaði. Á næstu árum er áætlað að eignasafnið stækki úr tæplega 2.500 íbúðaeiningum í 3.200 árið 2022 eða sem nemur um 30%. Frekari fjölgun nýrra og dýrari eigna eykur þrýsting á enn frekari hækkun tekna umfram verðlag til að tryggja sjálfbærni félagsins. Þar sem tekjur félagsins eru verðtryggðar hefur verðbólga umfram áætlun jákvæð áhrif á sjóðstreymi Félagsbústaða. Þess ber að geta að hlutfall leiguverðs Félagsbústaða er að jafnaði um 60%-70% af leiguverði á markaði.
- Rekstur OR styrkist á milli ára en rekstrarhagnaður hækkar um 1,4 ma.kr. en hagnaðurinn á fyrstu níu mánuðum ársins lækkaði um 43,6% frá sama tíma og í fyrra sem einkum má rekja til neikvæðra gangvirðisbreytinga innri afleiða. Framlegð fyrirtækisins (EBITDA / rekstrartekjur) er 63% en var 60,7% árið 2017 (en án uppgjörs við Brú hefði það numið um 63% árið 2017). OR glímir enn við afborgunarpunga af langtímalánum og áhættu vegna gengis, vaxta og álverðs og því mikilvægt að tryggja að ekki dragi um of úr framlegð rekstrarins.
- Ljóst er að OR stendur frammi fyrir miklu útlæði erlends gjaldeyris á næstu árum vegna hraðrar niðurgreiðslu skulda sem er mun meira en þær tekjur sem OR kemur til með að afla í erlendum gjaldmiðlum. Frá árinu 2018 til 2022 er sjóðstreymi í erlendum gjaldeyri neikvætt og nemur áætlað uppsafnað nettó útlæði erlends gjaldeyris yfir það tímabil rúmum 9,2 makr.

Aðrir áhugaverðir mælikvarðar samstæðu



2. A-hluti

2.1. Rekstur A-hluta




Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 8,2 ma.kr. sem var 3,4 ma.kr. betri niðurstaða en áætlað var. Rekstrarniðurstaðan án gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar og án gjaldfærslu vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð nam 12,2 ma.kr. Gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindingar vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð og LsRb nam um 4 ma.kr. og var nánast á pari við áætlun.

Rekstur A-hluta (í m.kr.)	Raun 2018_09	Áætlun	Frávik	%	Raun 2017_09	Breyting	%
Staðgreiðsla	60.375	60.553	-178	-0,3%	56.284	4.091	7,3%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr.	-7.755	-7.340	-416	5,7%	-7.141	-614	8,6%
Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna	3.224	2.444	780	31,9%	2.208	1.016	46,0%
Nettó útsvar	55.844	55.657	187	0,3%	51.352	4.493	8,7%
Fasteignaskattar	12.596	12.765	-169	-1,3%	11.562	1.034	8,9%
Lóðarleiga	1.146	1.155	-9	-0,8%	1.021	125	12,2%
Afskrifaðir/niðurfærðir fasteignaskattar, breyting	0	0	0		-3	0	
Fasteignaskattar samtals	13.742	13.920	-178	-1,3%	12.580	1.159	9,2%
Skatttekjur samtals	69.586	69.578	18	0,0%	63.932	5.652	8,8%
Framlög Jöfnunarsjóðs	5.397	5.441	-43	-0,8%	5.282	115	2,2%
Þjónustutekjur	7.805	6.979	826	11,8%	7.171	634	8,8%
Eignatekjur	14.513	14.507	6	0,0%	13.878	635	4,6%
Sala byggingaréttar	4.854	1.755	3.099	176,6%	2.841	2.014	70,9%
Söluhagnaður eigna	46	624	-577	-92,5%	267	-220	-82,6%
Endurgreiðslur annarra	2.741	2.245	496	22,1%	2.454	287	11,7%
Aðrar tekjur	4.928	4.820	109	2,3%	4.838	90	1,9%
Milliviðskipti tekin út	-18.518	-17.410	-1.107	6,4%	-17.330	-1.188	6,9%
Rekstrartekjur samtals	91.354	88.537	2.827	3,2%	83.333	9.206	11,0%
Laun og launatengd gjöld án gjaldfærslu v. uppgjors við Brú Ís.	-45.711	-46.038	327	-0,7%	-41.587	-4.125	9,9%
Gjaldfærsla áfallinna lífeyrisskuldbindinga vegna uppgjors við Brú Ís.	-291	-291	0	0,0%	-3.880	3.589	n/a
Laun og launatengd gjöld	-46.002	-46.329	327	-0,7%	-45.467	-536	1,2%
Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar við LsRb.	-3.750	-3.753	3	-0,1%	-5.238	1.488	-28,4%
Launakostnaður samtals	-49.752	-50.082	330	-0,7%	-50.705	952	-1,9%
Annar rekstrarkostnaður	-29.899	-30.069	170	-0,6%	-26.978	-2.921	10,8%
Afskriftir	-3.673	-3.674	1	0,0%	-3.476	-198	5,7%
Rekstrargjöld samtals	-83.325	-83.826	501	-0,6%	-81.158	-2.166	2,7%
Fjármagnsliðir	136	17	119	706,6%	-768	904	-117,7%
EBITDA	11.703	8.385	3.317	39,6%	5.650	6.053	107,1%
EBIT	8.029	4.711	3.319	70,4%	2.175	5.855	269,3%
Rekstrarniðurstaða	8.166	4.728	3.447	72,9%	1.407	6.759	480,5%

Grunnreksturinn, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir, skilaði 11,7 ma.kr. í afgang sem var um 3,3 ma.kr. yfir áætlun.

Tekjur: Skatttekjur voru 69,6 ma.kr. eða á pari við áætlun, þar af var **staðgreiðsla útsvars** 0,2 ma.kr. undir áætlun en tekjur vegna **skattbreytinga ásamt niðurfærslum og afskrift skatttekna** voru 0,8 ma.kr. yfir áætlun sem skýrist að mestu af uppgjöri frá Fjársýslu ríkisins á útsvari vegna tekjuársins 2017. **Fasteignaskattar**² voru 13,7 ma.kr. eða 0,2 ma.kr. undir áætlun. **Framlög Jöfnunarsjóðs** voru 43 m.kr. undir áætlun. **Endurgreiðslur annarra** voru 0,5 ma.kr. yfir áætlun eða einkum vegna ýmissa styrkja sem voru 243 m.kr. yfir áætlun. Af öðrum tekjum voru mest frávik í sölu **byggingarréttar** sem var 3,1 ma.kr. yfir áætlun.

Gjöld: Laun og launatengd gjöld án gjaldfærslu vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð námu 45,7 ma.kr. og voru um 0,3 ma.kr. innan fjárheimilda. **Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar v. LsRb** nam 3,8 ma.kr. Gjaldfærslan tekur mið af væntingum um að hún nemi um 5 ma.kr. í árslok en endurskoðað mat á gjaldfærslunni gaf ekki tilefni til að breyta áætlun ársins. Helstu óvissuþættir sem snúa að gjaldfærslu LsRb er launa- og verðbólguþróun ásamt ávöxtun eigna sjóðsins. Gjaldfærsla áfallinna lífeyrisskuldbindinga vegna uppgjors við **Brú lífeyrissjóð** nam 0,3 m.kr. en gjaldfært var í samræmi við áætlun. **Annar rekstrarkostnaður** nam 29,9 ma.kr. og var um 0,2 ma.kr. innan fjárheimilda.³



Rekstrarniðurstaða A-hluta um 3,4 ma.kr. betri en áætlað var í endurskoðaðri fjárhagsáætlun. Þar vegur þýngst sala byggingarréttar sem var 4,9 ma.kr. eða 3,1 ma.kr. yfir áætlun.

Rekstur málaflokkanna


Rekstur málaflokka (í m.kr.)	Niðurstaða jan-sept 2018	Áætlun jan-sept 2018	Frávik	%
Framlög til B-hluta	2.305	2.284	21	0,9%
ÍTR	5.832	5.878	-46	-0,8%
MOF	3.622	3.674	-51	-1,4%
RHS	2.694	2.854	-160	-5,6%
SFS	35.923	35.945	-22	-0,1%
USK	5.149	5.624	-474	-8,4%
VEL án bundinna liða	15.837	15.459	378	2,4%
ÖNN án lífeyrisskuldb. og án gjaldf. v.				
uppgjors við Brú	1.386	2.395	-1.008	-42,1%
Bundnir liðir	2.259	2.225	34	1,5%

² Fasteignaskattar A-hluta samanstanda af fasteignasköttum Aðalsjóðs að fráðregnum fasteignagjöldum af fasteignum Eignasjóðs.

³ Nánari greiningu rekstrargjalda má finna í greinargerð fagsviða með árs hlutareikningi Reykjavíkurborgar janúar-júní 2018

Rekstur málaflokka Aðalsjóðs án lífeyrisskuldbindingar var 1,3 ma.kr. innan fjárheimilda en Velferðarsvið án bundinna liða var yfir fjárheimildum.


Sveiflukenndir liðir




Á meðal tekna A-hluta eru sveiflukenndir liðir, einkum tekjur af sölu byggingaréttar og hagnaður af sölu eigna. Í góðæri og á uppbyggingarskeiðum hækka þessa tekjur oft verulega en dragast saman á samdráttarskeiðum og geta verið neikvæðar, það á við þegar ekkert verður af framkvæmdum og samið hefur verið um að borgin taki aftur við áður úthlutuðum lóðum. Í myndinni hér að ofan eru þessar tekjur sýndar síðastliðin rúm 10 ár. Eins og sjá má er árið 2017 og fyrstu 9 mánuðir ársins 2018 einstök hvað varðar tekjur af sölu byggingaréttar.

2.2. Efnahagur A-hluta

Efnahagur A-hluta (m.kr.)	30.9.2018	31.12.2017	Breyting	%
Fasteignir og lóðir	111.781	103.868	7.913	7,6%
Götur	14.261	13.463	798	5,9%
Áhöld og tæki	4.413	4.287	126	2,9%
Leigueignir	5.945	6.432	-487	-7,6%
Langtímakröfur	25.483	22.458	3.025	13,5%
Fyrirframgreiddur kostnaður Lsj. Brú	10.198	10.489	-291	-2,8%
Veltufjármunir án handb.fjár	16.276	17.091	-815	-4,8%
Handbært fé	11.258	7.220	4.038	55,9%
Eignir samtals	199.614	185.307	14.307	7,7%
Eigið fé	93.645	85.480	8.166	9,6%
Lífeyrisskuldbinding (langtíma)	35.597	33.609	1.988	5,9%
Næsta árs afborganir lífeyrisskulda	2.195	2.195	0	0,0%
Langtímalán	37.166	35.892	1.274	3,6%
Leiguskuldir	10.789	11.166	-377	-3,4%
Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda	2.608	2.516	92	3,6%
Ríkissjóður, fyrirfram innbargað vegna fjárfestinga	1.860	1.200	660	55,0%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb. og fyrirfram innb. frá Ríkissjóði	15.754	13.249	2.505	18,9%
Skuldir og skuldbindingar samtals	105.969	99.827	6.141	6,2%
Skuldir og eigið fé samtals	199.614	185.307	14.307	7,7%






Hér má sjá þróun hreinna skulda og hreinna vaxtaberandi⁴ skulda A-hluta frá árinu 2014. Á árinu **2015** jukust lífeyrisskuldbindingar við **LsRb um 14,6 ma.kr. vegna nýrra tryggingafræðilegra forsendna**. Hreinar vaxtaberandi skuldir eru að aukast á árinu **2017** einkum vegna **14,6 ma.kr. uppgjörs við Brú lífeyrissjóð** sem var skylt að greiða upp skv. lögum nr. 1/1997 en langtímakröfur vegna uppgjörsins við Brú nema nú 10,2 ma.kr. koma ekki til lækkunar vaxtaberandi skulda þar sem þessar kröfur bera ekki vexti enda er um að ræða fyrirframgreiðslur sem koma síðar til gjaldfærslu. Ennfremur er um að ræða kröfur vegna sölu á byggingarrétti að fjárhæð 6,6 ma.kr. sem ekki bera vexti.

Athygli er vakin á að við útreikning þessa hlutfalls er nauðsynlegt að skala tekjur upp m.v. heilt ár en ekki er víst að tekjur á síðustu mánuðum ársins muni falla til í sama mæli og þær gerðu á fyrstu níu mánuðum ársins en það hefur áhrif á hlutfallið hreinar vaxtaberandi skuldir í hlutfalli af tekjum.


⁴ Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum vaxtaberandi langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfaeign og bundnum bankainnstæðum ásamt handbæru fé.

Hreinar skuldir eru allar skuldir og skuldbindingar að frádregnum langtímakröfum á eigin fyrirtæki, fyrirframgreiddum kostnaði, öðrum langtímakröfum og veltufjármunum.


2.3. Sjóðstreymi A-hluta



Handbært fé frá áramótum til loka september hækkaði um 4 ma.kr. Fjárfestingar að frádregnum greiddum gatnagerðargjöldum námu 6,6 ma.kr. og var mætt með veltufé frá rekstri sem nam 11,3 ma.kr. Lántaka tímabilsins nam 2 ma.kr. og afborganir lána námu sömuleiðis 2 ma.kr.



Ljóst var árið 2015 að veltufé frá rekstri var orðið óviðunandi. Í frumvarpi að fjárhagsáætlun 2016-2020 voru sett fram nokkur markmið til að ná aftur fyrri fjárhagslegum styrkleika, m.a. var markmiðið að koma hlutfalli veltufjár frá rekstri af tekjum í a.m.k. 9% á árinu 2018. Í frumvarpi að fjárhagsáætlun 2017-2021 var sett fram ótölusett markmið um frekari styrkingu hlutfallsins ef þensluástandið héldi áfram eins og raunin hefur orðið. Vegna vaxandi spennu var markmið sett á 10,2% hlutfall á árinu 2018. Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum nam 12,4% á við lok þriðja ársfjórðungs 2018.











Fjármögnun A-hluta og greiðslugetu gagnvart fjárfestingum og framlagi vegna lífeyrisskuldbindinga hjá LsRb er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur. Árin 2014-2015 reyndist nauðsynlegt að brúa fjármögnunina með fjárfestingatekjum en árin 2016 og 2017 stóð veltufé frá rekstri undir þeim. Í ár er þörf á fjárfestingatekjum til viðbótar við veltufé frá rekstri til að fjármagna fjárfestingu og greiðslur af lífeyrisframlagi til LsRb.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu A-hluta janúar – september 2014-2018:⁵


A-hluti	2014_09	2015_09	2016_09	2017_09	2018_09
Eiginfjárhlutfall	57,7%	50,3%	46,6%	41,0%	46,9%
Arðsemi eigin fjár	-0,6%	-12,9%	1,9%	2,5%	12,7%
Veltufjárhlutfall	1,40	1,34	1,50	1,16	1,23
Langtímaskuldir/eigið fé	42,1%	50,1%	54,9%	59,0%	51,2%
Uppgreiðslutími	6	6	4	3	3
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	7,4%	7,4%	10,6%	14,4%	12,4%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjum	4,2%	-6,9%	6,8%	6,8%	12,8%

⁵ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum árs hlutareikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í árs hlutareikningi sé breytt.

Aðrir áhugaverðir mælikvarðar A-hluta, janúar – september



2.4. Fjármagnsliður A-hluta




Fjármagnsliður A-hluta samanstendur af fjármagnslið Aðalsjóðs og Eignasjóðs.


Fjármagnsliður A-hluta var jákvæður um 136 m.kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins sem er 119 m.kr. betri niðurstaða en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Fjármunatekjur A-hluta voru 2.852 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 2.899 m.kr. Lakari niðurstaða skýrist einna helst af verri ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár en hún var 124 m.kr. í stað 308 m.kr. líkt og áætlun hljóðaði upp á en á móti voru arðgreiðslur um 98 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir.


Fjármunagjöld A-hluta voru vel innan við áætlun en þau voru 2.715 m.kr. í stað 2.882 m.kr. samkvæmt áætlun. Skýrist það af lægri vaxtagjöldum langtímaskulda en skuldabréfaútbætur ársins hafa ekki verið í takti við áætlanir og einungis verið gefin út ný skuldabréf á þriðja ársfjórðungi fyrir 2.050 m.kr. að markaðsvirði.




Handbært fé A-hluta í lok þriðja ársfjórðungs 2018 var 11.258 m.kr. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að staða á handbæru fé yrði 5.192 m.kr. í lok þriðja ársfjórðungs og var staðan því 6.066 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Handbært fé hefur aukist nokkuð á þriðja ársfjórðungi en ný lán á tímabilinu námu 2.050 m.kr. auk þess sem Orkuveita Reykjavíkur greiddi arð að fjárhæð 1.170 m.kr.



Ávöxtun á handbært fé hefur ekki verið í takti við áætlun á fyrstu 9 mánuðum 2018 en áætlun gerði ráð fyrir 300 m.kr. í ávöxtun á handbært fé meðan raunin var einungis 132 m.kr., en það skýrist að mestu leyti vegna slakrar ávöxtuna á skuldabréfasafni. Skuldabréfasafn Reykjavíkurborgar skilaði 2,18% ávöxtun á ársgrundvelli á fyrstu 9 mánuðum 2018 en safnið er í umsjón Íslenskra verðbréfa hf. Reykjavíkurborg hefur ekki aukið fjárfestingu í safninu á árinu 2018.




Lausafjársgjöldir skiluðu Reykjavíkurborg 3,74% í ávöxtun í janúar mánuði en engin viðskipti hafa átt sér stað með hlutdeildarskírteini lausafjársgjólða síðan í janúar 2018 og Reykjavíkurborg átti engin hlutdeildarskírteini í lausafjársgjóðum í lok þriðja ársfjórðungs 2018. Fjárféringardeild ávaxtar öllu lausu fé í takti við sjóðspörf A-hluta á hverjum tíma fyrir sig og velur ávöxtunarleið í takti við það og þau kjör sem bjóðast með því er reynt að hámarka ávöxtun handbærs fjár A-hluta.




Skuldabréfaútgáfa Reykjavíkurborgar nam 2.050 m.kr. að markaðsvirði á fyrstu 9 mánuðum 2018 en lántökuáætlun gerir ráð fyrir lántöku á árinu sem nemur 6.611 m.kr.

Langtímalán A-hluta samanstanda að mestu að verðtryggða skuldabréfaflokkinum RVK 53 1 en hann er um 74% af langtímalánum A-hluta í lok þriðja ársfjórðungs 2018. Eftirstöðvar langtímalána A-hluta voru 38.928 m.kr. í lok þriðja ársfjórðungs 2018 en í lok árs 2017 voru þær 37.584 m.kr.




Greiðslur af langtímalánum A-hluta námu samtals 2.327 m.kr. á fyrstu 9 mánuðum 2018 en sjá má skiptingu milli afborganna og vaxta hér að ofan. Í byrjun mars 2018 var lán við Lánasjóð sveitarfélaga greitt upp en eftirstöðvar lánsins námu um 200 m.kr. Myndin sýnir jafnframt framtíðargreiðsluferil núverandi langtímalána á áætluðu verðlagi hvers árs út frá forsendum fjárhagsáætlunar 2018-2022.





Virkir vextir langtímalána A-hluta lækkuðu talsvert fyrstu 9 mánuði ársins í verðtryggðu vegna lágrar kröfu í útboðum RVK 32 1 en þeir voru 3,63%. Óverðtryggðir vextir héldust óbreyttir 6,11% enda hafa engin ný óverðtryggð lán verið tekin á árinu 2018.

Meðaltími til lokagjalddaga á langtímalánum A-hluta hefur farið lækkandi síðastliðin ár og er það stefna fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar að hann muni fara lækkandi á næstu árum. Helsta ástæða þess er minnkandi vægi skulda í skuldabréfaflokknum RVK 53 1, sem er með lokagjalddaga 10.12.2053, með tilkomu nýrra og styttri flokka, RVKN 35 1 og RVK 32 1. Stofnun þessara styttri skuldabréfaflokka er liður í áætlun fjármálaskrifstofu um að stytta í skuldum A-hluta og auka fjölbreytni í fjármögnun hans. Sjá má á myndinni hér að ofan áhrif þessara aðgerða þar sem reiknaður er út meðaltími til

lokagjalddaga m.v. ef áætluð lántaka væri einungis tekin í RVK 53 1 eða tekin í öðrum hvorum styttri flokkanna.



Lán til B-hluta fyrirtækja samanstanda af tveimur eigendalánum sem Reykjavíkurborg veitti Orkuveitu Reykjavíkur, það fyrra árið 2011 og seinna árið 2013. Lánin eru bæði verðtryggð til 15 ára og bera 4,25% og 3,05% vexti. Greitt er af lánunum ársfjórðungslega. Bæði lánin voru afborgunarlaus fyrstu 5 árin og eru afborganir af seinna láninu að hefjast á árinu 2018. Eftirstöðvar lánanna voru samtals 11.117 m.kr. í lok þriðja ársfjórðungs 2018.



2.4.1. Skulda- og áhættustýring

Stærsta áhætta sem snýr að fjármagnslið A-hluta er **verðbólguáhætta**. Skuldir borgarinnar eru að mestu leyti verðtryggðar og hækka samhliða aukinni verðbólgu. Reykjavíkurborg á einnig verðtryggðar eignir, stærst er eigendalán til Orkuveitunnar frá árunum 2011 og 2013. Verðtryggðar skuldir eru hærri en verðtryggðar eignir og því ber Reykjavíkurborg kostnað vegna aukinnar verðbólgu. Kostnaðurinn hefur verið metinn á bilinu 280 til 300 m.kr. á tímabili fjárhagsáætlunar fyrir hvert prósentustig sem verðbólga fer umfram áætlaða verðbólgu í fjárhagsáætlun.

Lausafjárahætta er önnur áhætta sem Reykjavíkurborg fylgist vel með. Reglur Reykjavíkurborgar um fjárstýringu kveða á um að tryggt skuli vera að Reykjavíkurborg eigi ávallt aðgengi að nægu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs og tekur skuldastýring og ávöxtun handbærs fjár mið af því. Reykjavíkurborg er ekki með neinar virkar lánalínur en hafði aðgang að yfirdráttarláni að fjárhæð 6 milljarðar í lok fyrri helmings 2018. Yfirdráttarheimildir hafa verið nýttar á fyrstu 9 mánuðum 2018.

2.4.2. Aðgerðir fjármálaskrifstofu til að bæta fjárstýringu A-hluta

Fjármálaskrifstofa hefur á síðustu árum unnið kerfisbundið að því að taka upp virka stýringu lána og lausafjár með tillögum um breytingar á fjárstýringarreglum, verklagi og heimildum fjármálastjóra innan þeirra marka sem sveitarstjórnarlög veita. Hér að neðan er listi yfir helstu aðgerðir í þessum efnum:

1. Fjármálaskrifstofa fékk heimild borgarráðs í mars 2015 til að stofna skuldabréfaflokkinn RVKN 35 1 sem er óverðtryggður skuldabréfaflokkur með lokagjalddaga í mars 2035. Tilgangurinn með þessari aðgerð var að draga úr verðbólguáhættu og vægi verðtryggðra skulda hjá A-hluta (borgarsjóði), en einnig til að auka sveigjanleika í fjármögnun og stytta í meðallíftíma skulda þar sem mikill meirihluti skulda var með lokagjalddaga í desember 2053. Engin skuldabréf í þessum skuldabréfaflokki voru gefin út á fyrstu 9 mánuðum 2018.
2. Fjármálaskrifstofa fékk heimild borgarráðs í febrúar 2017 til að kaupa hlutdeildarskírteini í lausafjárjóðum þar sem fjárfestingarstefna þeirra er í takti við fjárfestingarheimildir sem settar eru í reglum um fjárstýringu. Tilgangurinn var að auka sveigjanleika í daglegri lausafjárstýringu með auknum valmöguleikum og minni bindingu en í tilfelli bundinna innlána og peningamarkaðsinnlána án þess að gefa afslátt á ávöxtunarkröfu. Kaup í lausafjárjóðum námu 1.370 m.kr. á fyrstu 9 mánuðum 2018.
3. Fjármálaskrifstofa fékk heimild borgarráðs í nóvember 2017 til að stofna skuldabréfaflokkinn RVK 32 1 sem er verðtryggður skuldabréfaflokkur með lokagjalddaga í október 2032. Tilgangurinn með stofnun RVK 32 1 var að auka valmöguleika stytta meðallíftíma lána og auka valmöguleika fjárfesta og mæta eftirspurn á markaði eftir meðallöngum skuldabréfum. Skuldabréf fyrir að nafnvirði 2.060 m.kr. voru gefin út í þessum skuldabréfaflokki á þriðja ársfjórðungi þessa árs.
4. Fjármálaskrifstofa fékk heimild borgarráðs í nóvember 2017 til að auka yfirdráttarheimildir um allt að 4 milljarða og fékk þannig heimild til gera samninga um allt að 9 milljarða skammtímafjármögnun. Í desember á síðasta ári var gengið frá samningum um 3 milljarða aðgengi að skammtímafjármögnun til viðbótar við gildandi samninga um 3 milljarða. Tilgangurinn er að skapa aukinn sveigjanleika í fjárstýringu og tryggja aðgengi og áhættuvarnir ef stórar greiðslur berast ekki í samræmi við greiðsluáætlanir.

Viðauki 1: Skilgreiningar á hugtökum og kennitölur

Ársreikningi er ætlað að veita upplýsingar um afkomu stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og um fjárhagslega stöðu þeirra.

Með framsetningu á kennitölum má á samþjöppaðan og einfaldan hátt veita upplýsingar úr ársreikningi um arðsemi og fjárhagsstöðu. Kennitölur byggja á þeim reikningsskilaaðferðum sem notaðar eru af viðkomandi aðila. Þetta býður upp á marga túlkunarmöguleika. Varhugavert er að draga of miklar ályktanir af einni kennitölu fyrir eitt tiltekið ár. Þær verður yfirleitt að skoða í samhengi við aðrar mikilvægar kennitölur og þróun þeirra yfir tímabil, a.m.k. þrjú ár. Kennitölur ætti líka að bera saman við kennitölur annarra aðila í skyldri starfsemi til að sjá þær í eðlilegu samhengi. Þá er ástæða til að vara við því að sumar kennitölur geta verið viðkvæmar fyrir breytingum á lágum fjárhæðum.

Í þessar skýrslu Fjármálaskrifstofu er stuðst við eftirfarandi kennitölur:

Arðsemi eigin fjár (Return on equity ratio): Hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs

Mælt sem hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs. Sýnir getu fyrirtækis til að ávaxta fjármuni sem eru bundnir í því. Það er spurning hvort þetta hlutfall er nothæft sem kennitala fyrir sveitarfélag. Það ber a.m.k. að túlka það varlega í því samhengi, sérstaklega vegna þess að eignir í A-hluta sveitarsjóðs eru metnar samkvæmt kostnaðarverðsreglu. Hér má hafa í huga að fjármagnsvextir á skuldabréfum í milliviðskiptum Aðalsjóðs og Eignasjóðs eru 4%. Arðsemiskrafa eigin fjár í einkageira er samsett úr áhættulausum vöxtum ásamt áhættuálagi markaðar. Arðsemi eiginfjár gefur vísbendingu um hvort jafnvægisregla skv. sveitarstjórnarlögum sé uppfyllt.

Arðsemi fjármagns (Return on Capital Employed (ROCE))

Mælt sem hlutfall EBIT af heildareignum. Sýnir arðsemi þess fjármagns sem bundið er í rekstrinum.

EBIT

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og skatta.

EBITDA

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði, skatta, afskriftir og endurmat.

Framlegð (EBITDA) og veltufjárhlutföll

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga leggur einnig áherslu á kennitölurnar framlegð og veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum í samhengi við skuldareglu sveitarstjórnarlaga. Ef miðað er við 150% skuldir og skuldbindingar í hlutfalli af tekjum þá þarf veltufé frá rekstri að vera a.m.k. 7,5% af heildartekjum til að standa undir samningsbundnum afborgunum langtímalána með 20 ára greiðslutíma. Þá er í viðmiðum Eftirlitsnefndarinnar gert ráð fyrir að fjárfestingar nemi 5% af heildarskuldum og þær séu fjármagnaðar með lántöku, þannig að skuldir og skuldbindingar verði áfram 150% af tekjum.

Eiginfjárhlutfall (Equity ratio)

Mælt sem hlutfall eigins fjár á móti heildarfjármagni. Hlutfallið sýnir fjárhagslegan styrk eða tappól fyrirtækis. Það er ekki til faglega einhlítur mælikvarði á æskilegt eða nauðsynlegt eiginfjárhlutfall, hvorki hjá sveitarfélögum eða fyrirtækjum. Almennt hefur 50% eiginfjárhlutfall sveitarfélags talist ásættanlegt. Síðan má velta fyrir sér merkingu eiginfjárhlutfalls hjá sveitarfélagi gagnvart lánadrottnum, þar sem sveitarfélag getur almennt ekki selt eignir eins og skóla til að standa skil á skuldum. Öðru máli gegnir um fyrirtæki, enda fjármagna þau gjarnan stóran hluta af varanlegum rekstrarfjármunum með lánsfé. Eiginfjárhlutfall þeirra skiptir máli gagnvart lánveitendum en mikill munur er á hvað telst ásættanlegt í þeim efnum og fer það m.a. eftir atvinnugreinum og því hvort um fjármagnsfreka starfsemi er að ræða. Þannig geta fjármagnsfrek iðnfyrirtæki og fjármálastofnanir verið með eiginfjárhlutfall undir 20%. Líta má á OR sem fjármagnsfrekt orkuframleiðslufyrirtæki á uppbyggingarskeiði með mikla lánsfjárbörf sem hefur áhrif á hvernig túlka ber eiginfjárhlutfall samstæðunnar.

FFO mælikvarðinn (Funds from operation)

FFO er mælikvarði á veltufé frá rekstri sem skilgreindur hefur verið af Moody's og notaður er við mat á fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur. Hann er reiknaður sem veltufé frá rekstri án vaxta og skatta, að viðbættum vaxtatekjum og tekjum af arðgreiðslum, en að frádrögnum gjaldfærðum vöxtum, eignfærðum vöxtum, greiðslum vegna annarra fjármagnsliða og tekjuskatti.

FFO vaxtaþekja

FFO vaxtaþekja mælir getu Orkuveitu Reykjavíkur til að standa við vaxtagreiðslur félagsins með handbæru fé þess. Hann er reiknaður með handbæru fé frá rekstri í sjóðstreymi að viðbættum vaxtagjöldum, deilt með vaxtagjöldum úr rekstrarreikningi.

FFO/nettó skuldir

FFO/nettó skuldir er mælikvarði sem einnig hefur verið skilgreindur af Moody's. En þar er hlutfall FFO vaxtaþekju fundið með heildar nettó skuldum. Nettó skuldir eru skilgreindar neðar.

Handbært fé í lok tímabils

Handbært fé í lok tímabils lýsir þeirri peningamyndun sem reksturinn skilar af sér á tímabilinu þegar búið er að taka tillit til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum, fjárfestingahreyfinga og fjármögnunarhreyfinga.

Hreinar skuldir og skuldbindingar

Hreinar skuldir og skuldbindingar eru skilgreindar sem heildarskuldir og skuldbindingar að frádregnum veltufjármunum og langtímafröfum. Hreinar skuldir lýsa þannig skuldastöðu A-hluta þegar tekið hefur verið tillit til peningalegra eigna.

Hreinar vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir að frádregnum vaxtaberandi eignum. Það eru langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímafröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfum, bundnum bankainnstæðum og handbæru fé.

Jafnvægisviðmið

Skv 64 gr sveitarstjórnarlaga skulu samanlögð heildarútgjöld samstæðu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina. Í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga segir að orku- og veitufyrirtæki séu ekki tekin með við mat á fjárhagsstöðu ef sveitarstjórn óskar þess og það hefur umtalsverð áhrif á niðurstöðun. Þetta ákvæði gildir til 1. janúar 2022.

RFC/nettó skuldir

RFC er FFO að frádregnum arðgreiðslum. Mælikvarði er reiknaður eins og FFO/nettó skuldum nema leiðrétt fyrir greiddum arði félagsins.

Skuldsetningarhlutfall (Gearing ratio)

Mælt sem hlutfall langtímaskulda á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu skuldsettra fyrirtækja. A-hluti sveitarsjóðs tekur ekki lán til að fjármagna rekstur eða áhættufjárfestingar heldur til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu í varanlegum rekstrarfjármunum, s.s. skólum. Sú fjárfesting er ekki gerð í hagnaðarskyni. Þess vegna er mikilvægt að A-hluti hafi gott greiðsluhæfi og sterka eiginfjárstöðu vegna langtímalána. Langtímalán eru lykilatriði fyrir uppbyggingu varanlegra rekstrarfjármuna í fyrirtækjum og markmiðið er að þau hámarki arðsemi eigin fjár. Á uppbyggingarskeiði varanlegra rekstrarfjármuna í fjármagnsfrekum rekstri getur þessi kennitala orðið mjög há. Fyrirtæki með hátt skuldsetningarhlutfall eru viðkvæm fyrir hagsveiflum enda þurfa þau að greiða af skuldum sínum þótt tekjur lækki eða vextir hækki. Lágt hlutfall eigin fjár í fyrirtæki og hátt hlutfall lánsfjár sýnir alltaf ákveðinn fjárhagslegan veikleika.

Skuldaviðmið

Skuldaviðmið er reiknað sem hlutfall skulda og skuldbindinga að frádregnum veltufjármunum, fyrirfram greiðslu til Brúar vegna framtíðarskuldbindinga og núvirtum framtíðar lífeyrisskuldbindingum eftir 15 ár á móti tekjum, í samræmi við reglugerð nr. 502/2012, með síðari breytingum. Orku- og veitufyrirtæki eru ekki tekin með við mat á fjárhagsstöðu ef sveitarstjórn óskar þess og það hefur umtalsverð áhrif á niðurstöðu. Þetta síðasttalda ákvæði gildir til 1. janúar 2022.

Skuldaþekja (Debt service coverage ratio)

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT), m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði, á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins afborgunum og vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrekum greinum þarf hærri hlutfall en ella. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR og Félagsbústöðum

undanskildum er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd skuldaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Uppgreiðslutími langtímaskulda (Downpayment of debt)

Uppgreiðslutími langtímaskulda er reiknaður sem hlutfall af langtímaskuldum og næsta árs afborgun langtímaskulda á móti veltufé frá rekstri. Kennitalan sýnir hvað fyrirtækið er lengi að greiða upp skuldir sínar m.v. að öllum fjárfestingum væri hætt og rekstur væri óbreyttur og ætti að standa undir skuldaskilum.

Vaxtaþekja (Interest expence coverage ratio)

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT), m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði á móti nettó vaxtagreiðslum, er oft notuð til að mæla getu fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrekum greinum er jafnvel talið að hlutfallið þurfi að vera um 2. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd vaxtaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum (Working capital provided by operating activities/Total revenue)

Mælt sem hlutfall veltufjár frá rekstri af rekstrartekjum. Kennitalan gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til að vaxtar og viðhalds eigna.

Veltufjárhlutfall (Current ratio)

Mælt sem hlutfall veltufjármuna á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á næstu tólf mánuðum. Hlutfall innan við einn gefur vísbendingu um að rekstrareiningin hafi ekki getu til að standa við skammtímaskuldbindingar sínar á næstu mánuðum. Þegar horft er til A-hluta sveitarsjóðs sem er að stórum hluta fjármagnaður með lögbundnum skatttekjum, ætti að gera kröfu um hærra hlutfall en hjá fyrirtækjum, þ.e. að minnsta kosti 1,20 en sömu kröfu þarf ekki að gera til samstæðunnar.

Veltufjármunir (Current assets)

Veltufjármunir er sérstök flokkun eigna í ársreikningi. Um er að ræða eignir sem hægt er að breyta í reiðufé eða ráðstafa innan eins árs. Veltufjármunir eru sjóðir, bankainnistæður, birgðir og aðrar skammtímakröfur.

(m.kr.)	A-hluti	Aflvaki	Faxaflóahafnir	Félagsbústaðir	Málbikunar- stöðin Höfði	Íþrótt- og sýningahöllin	Orkuveita Reykjavíkur	Slökkvilið höfðubsv.	Sorpa	Strætó	Samtæða A- og B- hluti
<i>Eignarhlutur Rvk</i>	-	95,70%	75,55%	100,00%	100,00%	50,00%	93,53%	60,82%	66,70%	60,30%	-
Rekstrartekjur	91.354	0	3.041	2.982			33.459	2.202	3.149	6.143	135.880
Rekstrargjöld	83.325	0	2.200	1.646			19.505	1.929	2.721	6.177	111.023
Afskriftir	3.673	0	615	5			6.965	57	145	167	11.775
Fjármagnslíðir	136	0	-19	-1.654			-7.942	8	-6	-30	-11.003
EBIT	8.029	0	842	1.336			13.954	273	428	-34	24.857
EBITDA	11.703	0	1.457	1.341			20.919	330	573	134	36.632
Hagnaður (- tap)	8.166	0	1.396	1.729	3	-52	5.924	281	422	-63	15.243
Festafjármunir	172.080	2	12.699	81.296	645	2.469	296.543	1.909	2.746	2.828	556.822
Veltufjármunir	27.533	9	3.161	1.183	1.123	393	28.064	892	1.456	936	63.087
Heildareignir	199.614	11	15.860	82.479	1.768	2.861	324.608	2.801	4.202	3.764	619.908
Skammtímaskuldur	22.417	0	795	2.594	401	75	25.873	279	614	938	52.616
Langtímaskuldur	47.955	0	732	36.323	0	2.039	135.323	214	202	992	215.216
Skuldbindingar	35.597	0	0	1.577	44	132	11.552	0	343	0	47.667
Heildarskuldur	105.969	0	1.528	40.494	445	2.246	172.748	493	1.160	1.930	315.500
Eigið fé 01.01.2018	85.480	11	13.310	40.256	1.334	668	143.871	2.027	2.621	1.896	285.428
Eigið fé 30.09.2018	93.645	11	14.332	41.985	1.323	615	151.860	2.308	3.043	1.833	304.409
Skuldir og eigið fé	199.614	11	15.860	82.479	1.768	2.861	324.608	2.801	4.202	3.764	619.908
Handbætt fé frá rekstri	12.679	0	1.089	216	-19	62	17.217	68	554	-986	29.468
Fjárfestingahreyfingar	-8.703	0	-155	-2.245	-77	-20	-7.110	-43	-597	-650	-20.110
NY langtímalán	2.036	0	0	2.054	0	0	9.914	0	0	1.000	15.839
Greiddar afborganir	-1.974	0	-4	-477	0	-27	-9.933	-11	-73	-30	-11.586
Nytt framlag eigenda	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Greiddur arður	0	0	-307	0	-13	0	-1.250	0	0	0	-156
Staða á handbæru fé 30.09.2018	11.258	0	1.978	17	259	342	13.667	509	842	260	29.131
Veltufé frá rekstri	11.348	0	1.447	463	65	58	16.830	342	566	121	29.828

Eiginfjárhlutfall	46,9%		90,4%	50,9%	74,8%	21,5%	46,8%	82,4%	72,4%	48,7%	49,1%
Arðsemi eigin fjár	12,7%		14,0%	5,7%	0,3%	-10,4%	5,8%	18,5%	21,4%	-4,4%	7,1%
Veltufjárhlutfall	1,23		3,97	0,46	2,80	5,23	1,1	3,20	2,37	1,00	1,20
Skuldsettingarhlutfall	51,2%		5,1%	86,5%	0,0%	331,3%		9,3%	6,6%	54,1%	70,7%
Vaxtabekja, EBIT/netto vextir				1,52							
Vaxtabekja, EBITDA/netto vextir				0,99							
Skuldaþekja, EBIT/(gr. afb.+netto vextir)											
Skuldaþekja, EBITDA/(gr. afb.+netto vextir)											
Uppgreiðslutími	3,29							0,49	0,38	6,27	5,84
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	12,4%		47,6%	15,5%		26,79		15,5%	18,0%	2,0%	22,0%
Framlegð/rekstrartekjur	0,13										0,27

Skýringar

Eiginfjárhlutfall Eigið fé á móti heildarfjármagni. Sýnir fjárhagslegan styrk fyrirtækis (tapoll).

Arðsemi eigin fjár Hagnaður á móti eigið fé. Segir til um ávöxtun eigin fjár í fyrirtæki

Veltufjárhlutfall Veltufjármunir á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis að innna af hendi skuldagreiðslur á næstu mánuðum.

Skuldsettingarhlutfall Langtímaskuldur á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu af skuldsætingu fyrirtækis.

Vaxtabekja, EBIT/netto fjárm. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnslíði á móti vaxtagreiðslum

Vaxtabekja, EBITDA/netto fjárm. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnslíði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti vaxtagreiðslum

Skuldaþekja, EBIT/(gr. afb.+netto fjárm.) Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnslíði á móti afborgunum og vaxtagreiðslum

Skuldaþekja, EBITDA/(gr. afb.+netto fjárm.) Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnslíði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti afborgunum og vaxtagreiðslum

Uppgreiðslutími skulda (ár) Langtímaskuldur á móti veltufé frá rekstri.

Viðauki 2: Lánveitendur A-hluta og samstæðu

Lánveitendur	(í m.kr.)	A-hluti	Samstæðan
ABSEK			2.110
Akranesbær - víkjandi lán			657
Borgarbyggð - víkjandi lán			111
CEB			13.554
Depfa ACS Bank			12.388
Dexia			10.135
EIB			26.945
Ergo kaupleiga			80
EURO HYPO			3.260
Faxaflóahafnir		145	0
Fjárfestasjóðurinn ÍSH			2.077
Hafnarfjarðarbær			509
Íbúðalánasjóður			27.736
Íslandsbanki			7.214
Jöfnunarsjóður Sveitarfélaga		157	983
Landsbankinn			10.462
Lánasjóður sveitafélaga			7.581
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitafélaga			3.742
Lykill kaupleigusamningur			43
NIB			8.805
Skuldabréfaútgáfa OR			36.948
Skuldabréfaútgáfa Félagsbústaða			2.555
Skuldabréfaútgáfa RVK 19 1		488	488
Skuldabréfaútgáfa RVK 53 01		28.891	28.891
Skuldabréfaútgáfa RVK 96 1		793	793
Skuldabréfaútgáfa RVKN 32 1		3.464	3.464
Skuldabréfaútgáfa RVKN 35 1		4.982	4.982
Stofnframlög			1.434
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda		9	9
VR lífeyrisskuld			824
Lántaka samstæðu:		38.928	218.781
Leiguskuldir		11.634	11.634
Lántaka og leiguskuldir samstæðu		50.563	230.415

Viðauki 3: Jöfnunarsjóður, sundurliðun á greiðslum

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á greiðslum Reykjavíkurborgar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og greiðslur Jöfnunarsjóðs til Reykjavíkurborgar á móti. Þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg fær 43 m.kr. minna en áætlað var og greiðir 416 m.kr. meira en áætlað var inn í sjóðinn:

Greiðslur í Jöfnunarsjóð	Raun 2018 jan-sept	Áætlun 2018 jan-sept	Frávik	%
Hlutd. Jöfnunarsj. í staðgreiðslu vegna grunnskóla	3.393	3.211	182	5,7%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr. v málefna fatlaðra	4.362	4.129	234	5,7%
Samtals greiðslur í Jöfnunarsjóð	7.755	7.340	416	5,7%

Greiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2018 jan-sept	Áætlun 2018 jan-sept	Frávik	%
Framlag vegna málefna fatlaðs fólks	4.186	4.184	2	0,1%
Framlag vegna sérskóla	998	986	12	1,2%
Framlag vegna tónlistarskóla	204	198	6	3,1%
Annað	10	74	-64	-86,8%
Samtals greiðslur frá Jöfnunarsjóði	5.397	5.441	-43	-0,8%
Nettó greiðslur í Jöfnunarsjóð	-2.358	-1.899	-459	24,2%

Viðauki 4: Fjármálastjórn janúar - september 2018

Hér að neðan er listi í tímaröð yfir mikilvægar fjárhagsákvæðanir borgarráðs og borgarstjórnar á tímabilinu janúar-september 2018

1. Tillaga um útgáfuáætlun í skuldabréfaflokkum borgarsjóðs á fyrri hluta árs 2018 samþykkt í borgarráði 18.1.2018
2. Tillaga um ábyrgð sviðsstjóra á innleiðing kynjaðrar fjárhagsáætlunar samþykkt í borgarráði 18.1.2018
3. Tillögur matsnefndar vegna umsókna um stofnframlag frá Reykjavíkurborg til fjárfestinga í almennum leiguíbúðum í Reykjavík samþykktar í borgarráði 18.1.2018
4. Tillaga um gjaldskrá SHS samþykkt í borgarráði 18.1.2018
5. Lagt fram mánaðaruppgjör A-hluta jan-nóv 2017 í borgarráði 1.1.2018
6. Tillaga um að veita Strætó bs veð í útsvarstekjum borgarsjóðs vegna lántöku hjá LS vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð samþykkt í borgarstjórn 20.2.2018.
7. Tillaga um hæfilegt ábyrgðargjald OR á árinu 2018. Samþykkt í borgarráði 22.2.2018
8. Tillaga um uppgreiðslu eigendaláns hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Samþykkt í borgarráði 22.2.2018
9. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2018 vegna fjárfestinga á íþróttasvæðis Fylkis samþykkt í borgarstjórn 6.3.2018.
10. Tillaga um stýrihóp innleiðingar kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar samþykkt í borgarráði 22.3.2018
11. Tillaga um eftirlit með viðskiptum tengdra aðila. Samþykkt í borgarráði 22.3.2018
12. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2018 vegna innleiðingar á þjónustustefnu samþykkt í borgarstjórn 20.3.2018
13. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2018 vegna launaþróunartryggingar ofl. samþykkt í borgarstjórn 8.5.2018.
14. Tillaga að eigendastefnu Félagsbústaða samþykkt í borgarstjórn 8.5.2018
15. Lagt fram ábyrgða- og skuldbindingayfirlit Reykjavíkurborgar. Samþykkt í borgarstjórn 8.5.2018
16. Ársreikningur A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar afgreiddur í borgarstjórn 15.5.2018.
17. Tillaga um endurskoðun samninga um viðskiptavakt með skuldabréfaflokkum borgarsjóðs samþykkt í borgarráði 17.5.2018
18. Tillaga að viljayfirlýsingu um möguleg kaup á hluta FB í Hafnarhúsi vegna NTM samþykkt í borgarráði 17.5.2018
19. Tillaga um útgáfuáætlun skuldabréfa borgarsjóðs seinni hluta árs 2018 samþykkt í borgarráði 17.5.2018
20. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 2018 um 552 mkr vegna aðgerða í leikskólamálum, innleiðingar frístundastefnu, SÍ, NPA og vegna fjárfestinga 242 mkr samþykkt í borgarstjórn 5.6.2018.
21. Lagt fram mánaðarlegt uppgjör A-hluta jan-mars 2018 (þriggja mánaða uppgjör). Samþykkt í borgarráði 24.5.2018
22. Tillaga stjórnar OR til eigenda um arðsemiskröfu starfsþátta Orkuveitu Reykjavíkur samþykkt í borgarráði 31.5.2018
23. Tillaga að viðauka við fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar vegna kaupa á húsnæði við Arnarbakka og Völvufell samþykkt í borgarráði í umboði borgarstjórnar 28.6.2018
24. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2018 vegna kjarasamninga ofl. samþykkt í borgarráði í umboði borgarstjórnar 6.7.2018
25. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2018 vegna endurskoðunar á tekjuáætlun A-hluta og fjárfestingaráætlunar samþykkt í borgarráði í umboði borgarstjórnar 16.8.2018
26. Tillaga um samþykkt tilboða í skuldabréfaútboði samþykkt í borgarráði 16.8.2018
27. Tillaga að rammaúthlutun vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar 2019 samþykkt í borgarráði 23.8.2018
28. Tillaga um flutning afgang og halla frá árinu 2017 samþykkt í borgarráði 23.8.2018
29. Tillaga um útgáfu í skuldabréfaflokknum RVK 32 1 í tengslum við aðalmiðlarasamninga samþykkt í borgarráði 23.8.2018
30. Lagt fram árshlutauppgjör A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar jan-jún 2018. Samþykkt í borgarráði 30.8.2018
31. Tillaga um samþykkt tilboða í skuldabréfaútboði samþykkt í borgarráði 13.9.2018
32. Tillaga um aukinn stuðning við Félagsbústaði til að unnt sé að standa við áætlun um uppbyggingu félagslegra íbúða samþykkt í borgarráði 20.9.2018